



PÉSI

35. ÁRGANGUR | 396 TBL.

APRÍL 2025

Athugið!

Næsti Pési kemur út
6. júní. Efni þarf að
berast fyrir **12. júní.**

Miðfells-laupið 2025

Þann 31. maí verður Miðfells-laupið haldið en í ár á þessi viðburður fimm ára afmæli. Hugmyndin að viðburðinum kom frá Kolbrúnu Haraldsdóttur og Arnfríði Jóhannsdóttur og hafa þær unnið ötullega að framkvæmd hlaupanna. Ár hvert hafa þær stöllum valið verðugt málefni til að styðja og hefur allur ágóði farið til styrktar þeim samtökum sem verða fyrir valinu. Þessi samtök hafa fengið styrk: Ljósíð, Kvennaathvarfið, Píeta, VISS og í ár á að styrkja Vettvangsliðahóp Bf. Eyvinds. Það er hópur vettvangsliða sem fer í útköll í bráðatilfellum í uppsveitunum og sinnir sjúklingum þangað til sjúkrabíll kemur á staðinn.



Vor í lofti

Nú er gullið tækifæri til að nýta orkuna sem kemur með vorinu til að hlúa að eigin heilsu. Um að gera að nýta okkar frábæra göngustígakerfi á Flúðum og einnig nýju líkamsræktina okkar. Aðsókn í ræktina hefur verið mjög góð síðan hún var opnuð í janúar og hefur fólk lýst yfir mikilli ánægju með hvernig til tókst. Ef þú hefur ekki prufað nýju aðstöðuna þá skorum við á þig að koma og taka einn hring í ræktinni. Ef þig vantar leiðbeiningar þá er í ræktinni á einni súlunni æfingaáætlun með myndum og útskýringum en einnig QR kóða sem er hlekkur á myndband sem sýnir allar æfingarnar.

Íþróttamaður ársins

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd óskar eftir tilnefningum á íþróttamanns ársins í Hrunamannahreppi, fyrir afrek árið 2024. Með tilnefningunni þarf að fylgja rökstuðningur fyrir tilnefningunni. Viðkomandi þarf að vera búsettur í Hrunamannahreppi en má stunda sína íþrótt annarstaðar en í Hrunamannahreppi.

Óskað er eftir að tilnefningarnar verði sendar á tölvupóstfangið sigfrid@fludir.is fyrir 15. maí.

Please note that on the website fludir.is, you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.



Pistill frá sveitarstjóra

Á vorin vaknar náttúran hægt og rólega til lífsins og með henni samfélagið okkar og ferðamenn fjölmenna á svæðið. Á vorin finnum við sterkt fyrir þeirri nánd við frumframleiðslugreinarnar sem við búum að hér í Hrunamannahreppi.



Sauðburður er í vændum, sáð hefur verið fyrir blómum og grænmeti og það ríkir spenna fyrir komandi sumri. Verður það jafn hundleiðinlegt og síðast eða eigum við von um sól og góða daga? Það er mikilvægt að við munum að garðyrkja og hinn hefðbundni landbúnaður eru mikilvægar undirstöður í samfélaginu og það er ánægjulegt að sjá hvernig þessar greinar þróast áfram með sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi. Sem dæmi um framtakssemi í sveitinni þá er nú víða verið að byggja bæði fjós og reiðskemmur og gaman að sjá vel lukkuð kynslóðaskipti eiga sér stað á bæjunum. Griðarlegar hækkanir á raforkuverði setja aftur á móti stórt strík í reikninginn og mikilvægt að þeirri þróun verði snúið við ef ekki á illa að fara. Þar hefur sveitarstjórn átt samtöl bæði við ráðamenn sem og garðyrkumenn en hækkanirnar bitna ekki síst á þeim. Vonum við að þeir sem um þessi málefni véla geri sér grein fyrir mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu og að engin þau skref verði stigin sem sett geta þann mikilvæga rekstur í uppnám.

Sveitarstjórn hefur unnið að því að bæta aðstöðu og umhverfi í sveitarfélaginu þannig að ungt fólk sem hér er að alast upp sjái framtíðina fyrir sér í Hrunamannahreppi og að fjölskyldur velji að setjast hér að. Vöxturinn á Flúðum, í Hrunamannahreppi í heild, er ekki tilviljun – hann byggir á samvinnu, metnaði og traustum grunni. Það er mikilvægt að við tryggjum hér sem fjölbreyttasta þjónustu og afþreyingu um leið og við stöndum vörð um sérstöðuna og það sem gerir sveitarfélagið einstakt því eingöngu með þeim hætti getum við byggt upp samfélag sem keppir við aðdráttarafl stærri og fjölmennari svæða.

Skólafólk okkar eru góðar og nú er unnið að því að finna lausn sem tryggt getur enn yngri börnum leikskólavist heldur en nú er mögulegt. Árgangar yngri barna eru fjölmennir og brýnt að brugðist sé við því með eins góðum hætti og kostur er.

Í Flúðaskóla er árshátíð nemenda á elsta stigi nýafstaðin. Þar stigu nemendur á svið af miklu öryggi og sýndu bæði listfengi og kraft í leiksýningu sem samin var af Árna Þóri Hilmarssyni með dyggri aðstoð nemenda skólans. Árshátíðin er ekki aðeins mikilvæg fyrir skólalífðið – hún er vitnisburður um það hvernig við

sem samfélag styðjum unga fólkið okkar, hvetjum það áfram og fögnum árangri þess. Það er á þessum stundum sem við finnum hvað tengslin hér eru sterk – og hversu miklu máli það skiptir að við höldum áfram að byggja góðan grunn fyrir komandi kynslóðir.

Ég vil nota tækifærið og þakka ykkur öllum fyrir ykkar framlag. Saman höldum við áfram að skapa samfélag þar sem gott er að búa, lifa og dafna.

*Með hlýjum kveðjum,
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri*



STÖRF LAUS TIL UMSÓKNAR

**Leikskólakennarar • Starfsmaður veitna
Sálfræðingur / félagsráðgjafi
Forstöðumaður bókasafns / skjalavarsla**

Nánari upplýsingar í
síma 480 6600 og inni á fludir.is

**Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.**

Gísli Laugum
Sími 861 9682



**Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur**

Axel
Sími 860 7073



TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á
byggingarleyfisskyldum raflagna- og
brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.
Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

**Högnastíg 14
845 Flúðir**
flight@simnet.is
Sími 699 0757

HUGMYND

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, var haldinn 21. mars sl. að Goðalandi í Fljótshlíð. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannadeild voru: Jóhanna B. Ingólfsdóttir, Hrafnkelsstöðum, deildarstjóri, Atli Geir Guðmundsson, Hrafnkelsstöðum, varadeildarstjóri, Bjarni Valur Guðmundsson, Skipholti og Þorsteinn Loftsson Haukholtum. Þetta var góður fundur, sem helgaðist ekki hvað síst af góðri rekstrarafkomu félagsins, sú besta frá stofnun 1907. Til að gera langa sögu stutta, þá bendi ég á að nánari fréttir af fundinum má sjá á heimasíðu S.S. ásamt öllum öðrum fréttum, sem birtast þar reglulega. Vil ég svo að endingu þakka öllum innleggjendum fyrir tryggð við félagið, já og ykkur líka, sem kaupði S.S. vörurnar. Saman stöndum við sterk, t.d. er okkar deild næst stærst á öllu félagssvæðinu. Takk fyrir samstarfið, kæru vinir.

Jóhanna, Hrafnkelsstöðum.

Kirsuberjatómatar fá verðlaun

Heimildarstuttmyndin Kirsuberjatómatar vann Edduna 2025 í sínum flokki.

Það er Rakel Andrésdóttir sem ættuð er héðan frá Flúðum sem á heiðurinn af myndinni sem er stutt teiknimynd um sumarið sem hún var send í sveit til þess að týna og flokka kirsuberjatómata. Pésinn hefur fyrir satt að umrætt starf hafi verið á Garðyrkjustöðinni Brún.

Við óskum Rakel til hamingju með verðlaunin og ömmu hennar og afa líka þeim, Önnu og Helga í Bjarkarhlíð.





Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðauðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is

Fóttaðgerðastofa **Öddu Siggu**

Miðfelli 2a
Tímappantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum **16. ágúst - 31. maí**

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga
frá kl. 16:00 - 20:30

Mánu- og fimmtudaga frá kl. 6:00 - 9:00
(að öðru leyti lokað á fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 13:00 - 18:00

**Minum á sumaropnunartíma frá
og með 1. júní. Sjá nánar á fludir.is.**

Tækjasalur á Flúðum

Opnunartími tækjasals:

Mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-21:00

Föstudaga kl. 8:00-18:00

Laugardaga kl. 9:00-13:00

Vinsamlegast athugið að gengið er inn
á neðri hæð, bílastæðamegin.

Áskort sem gilda í sundlauginu, íþrótt- og
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði,
aðeins 19.000 kr. Minnum á að hjá flestum
stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

Flúðaskóli verður símalaus skóli frá og með 22. apríl

Við í Flúðaskóla höfum tekið þá ákvörðun að verða símalaus skóli og bætast þannig við hóp um 50% grunnskóla landsins sem hafa tekið svipaða stefnu.

Undirbúningur fyrir þessa ákvörðun hefur verið í gangi undanfarna mánuði. Í byrjun janúar stóð foreldrafélag Flúðaskóla fyrir fyrirlestrinum „Áhrif skjátíma á þroska og líðan barna“, sem var haldinn á vegum Hugarfrelsis. Þann 18. mars sl. boðaði skólinn til foreldrafundar til að kynna skref í átt að símalausum skóla. Í framhaldi af fundinum var send út könnun til allra foreldra, og um 90% þeirra sem svöruðu studdu þessa ákvörðun.

Við erum afar sátt með þessa stefnu og teljum hana mikilvægt skref til að skapa besta mögulega námsumhverfi fyrir nemendur okkar og efla þeirra félagslegu hæfni. Góð samskipti og sterk tengsl hafa margvísleg jákvæð áhrif á hamingju og vellíðan alla ævi, og við vonumst til að sjá ánægjulegar breytingar á skólasamfélaginu okkar.

*Fyrir hönd starfsfólks Flúðaskóla,
Jóhanna Lilja Arnardóttir: skólastjóri Flúðaskóla*

HELGIHALD UM PÁSKA 2025

Föstudagurinn langi - 18. apríl

Lestur Passíusálma sr. Hallgríms Péturssonar í Hrepphóla­kirkju. Fjöldi lesara á öllum aldri kemur að lestrinum sem hefst kl. 12 og eru lok áætluð um kl. 16:30. Orgelspil á milli lestra og kaffi­veitingar í safnaðarheimili á meðan á lestri stendur.



Páskadagur - 20. apríl

- Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8. Morgunverður í safnaðarheimilinu á eftir.
- Hátíðarmessa og ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11. Tveir piltar verða fermdir.

Sumardagurinn fyrsti - 24. apríl

- Sumarguðspjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 11. Sumarsálmar og sumri fagnað.
- Fermingarmessa í Hrepphóla­kirkju kl. 13. Fimm ungmenni verða fermd.

Sjáumst í kirkju - verið öll velkomin!



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is


Af hverju að stunda reglubundna hreyfingu?

Rannsóknir sýna að það að missa þol og vöðvamassa er jafn alvarlegt og jafnvel hættulegra en að greinast með algenga lífstílsjúkdóma eins og offitu, sykursýki, þunglyndi og hjarta- og æðasjúkdóma. Þannig að við skorum á alla að huga að grunnþoli og viðhalda eða auka vöðvamassa.

Vertu velkomin(n) í ræktina, þar eru allir jafnir óháð aldri, kyni, þjóðerni eða kynhneigð.



BORGTHOR ehf
Öll almenn gröfuhjónusta.
Útvegum allar gerðir
fyllingarefna



Bubbi 899-0816
Margrét 699-4001



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.

VISS FRÉTTIR

VISS fréttir fjalla um ýmis konar hluti í nágreininu og skemmtilegar staðreyndir



VISSIR ÞÚ AÐ...

...á VISS getur þú fengið fallegar gjafir fyrir allskonar tækifæri.

Vörurnar okkar eru að mestu búnar til úr endurunnu efni.



FRÓÐLEIKSMOLI

Elsta varðveitta kvikmyndin með íslensku efni er Alþingismannaförin frá árinu 1906! Hún sýnir ferð íslenskra alþingismanna til Kaupmannahafnar í boði danska konungsins. Þetta er merkilegt skjal í sögu íslenskrar kvikmyndagerðar!

Brynjólfur Geir Magnússon

VISS FRÉTTIR

HREPPAMAÐUR MÁNAÐARINS

Hreppamaður mánaðarinn er viðtal við einstakling sem býr í Hrunamannahreppi en sem er ekki endilega fæddur og uppalinn í hreppnum. Skemmtileg leið til að kynna sveitungum okkar.

Hvað heitir þú og hvar áttu heima? Ég heiti Aníta Heba Bergmann og á heima í Miðfelli 2.

Hvað hefur þú búið lengi í Hrunamannahreppi? Það eru komin þrjú ár síðan við fjölskyldan fluttum hingað úr Grafarvoginum og sjáum heldur betur ekki eftir því. Ég ólst upp lengst af í Kópavogi en átti einnig heima í Vesturbænum RVK, Mosfellsbæ og Hafnarfirði sem barn.

Við hvað ertu að starfa? Mitt helsta starf er að vera heimavinnandi móðir en samhliða því stunda ég meistaranám í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Síðasta sumar vann ég verkefni við að rannsaka eyðibýli í Skagafirði og bjó til 360° leiðsögn á netinu um valin bæjarstæði.

Uppáhaldsstaðurinn þinn í Hrunamannahreppi? Það er klárlega heima hjá mér á Miðfelli 2.

Hvað er það besta við Hrunamannahrepp? Góður andi, náttúruperla og friðsælt samfélag. Algjör draumastaður til að ala upp börn.

Finnst þér þú vera Hreppamaður? Ég held ég hafi ekki búið hér nógu lengi til að skilgreina mig sem Hreppakonur, hef í rauninni aldrei kennt mig við neitt sveitarfélag og er ætluð frá öllum landsfjórðungunum (ættfræðinörd). Á reyndar sterka tengingu til Lýdó í Skagafirði frá því í æsku en móðurbróðir minn býr þar og er með hesta. Ætli ég sé ekki eins konar umrenningur borgarinnar bara, afkomandi fólks sem flúði sveitina á 20. öldinni. En upplifun mín er að vera komin heim þegar ég keyri inn í Hrunamannahrepp og finn að ég er að skjóta rótum hérna.



VISS FRÉTTIR

Mexíkósk tacobaka

sem hefur öðlast mikilla vinsældar á VISS á Selfossi

Kokkur mánaðarinn er **Atli Sigmundsson** og hann skorar á meistarakokkinn Gunnlaug Emilsson að koma með einhverja af sínum snilldaruppskriftum fyrir næsta Pésa.

Botn

4 dl hveiti
2 tsk. lyftiduft
1/2 tsk. salt
50 gr. smjör
1 1/2 dl mjólk

Ofanlag

3 tómatar
2 dl sýrður rjómi
4 msk. majónes
150 gr. rifinn ostur

Fylling

500 gr. nautahakk
1 laukur
2 hvítlauksrif
3 msk. tómátpuré
2 msk. chilisósa
1 msk. sojasósa
2 tsk. chilipipar (krydd)
2 tsk. cummin
2 tsk. kóriander (krydd)
2 tsk. Karrý
1-2 tsk. salt
2 dl vatn



1. Hitið ofninn í 200°C. Blandið saman hveiti, lyftidufti og salti í skál. Látið smjórið ná stofuhita, skerið það í bita og blandið því við þurrefnin. Bætið mjólkinni saman við og hrærið öllu saman í deig. Þrýstið deiginu í bökuform eða smelluform. Það þarf ekki að forbaka botninn.

2. Hakkið lauk og steikið ásamt nautahakki og fínt hökkuðum hvítlauk. Steikið þar til nautahakkið er ekki lenur rautt. Bætið tómátpuré, chilisósu og sojasósu á pönnuna ásamt kryddunum og vatni. Látið sjóða við vægan hita þar til vatnið er næsum horfið, ca. 10-15 mínútur. Smakkið til og kryddið meira ef þarf. Setjið nautahakkið yfir botninn.

3. Skerið tómátana í bita og dreifið yfir nautahakkið.

4. Hrærið saman sýrðum rjóma, majónesi og rifnum osti og breiðið yfir tómátana.

5. Bakið í miðjum ofni í sirka 15 mínútur eða þar til osturinn er bráðinn og hefur fengið fallegan lit.

6. Berið fram með góðu salati, nachos, sýrðum rjóma, salsa, gúrkusósu eða guacamole.

Páskaeggjaratleikur

Páskaeggjaratleikur á vegum Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps verður í Lækjargarði-num þann 21. apríl, á annan í páskum kl. 10:30.

Páskaegg fyrir alla og veitingar á staðnum.

Allir velkomnir !



Lækjargarðurinn er kominn í páskabúning en það eru starfsmenn VISS sem eiga heiðurinn af fallegu skreytingunum að venju.



„Komdu er vorar“

Vörðukórinn heldur spennandi vortónleika í Skálholti síðasta vetrardag, þann 23. apríl kl. 20:00.

Aðgangur er 4.500 kr.
Frítt fyrir 12 ára og yngri

Fjölbreytt söngdagskrá.

Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir
Undirleikari: Arnhildur
Valgarðsdóttir



ÍBÚAFUNDUR

Sveitarstjórn boðar til íbúafundar þriðjudaginn
22. apríl nk. kl. 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna.



Dagskrá:

- Vesturbrún/Heimalandsreitur. Kynning á deiliskipulagsbreytingu og hugmyndum um uppbyggingu.
- Ársreikningur Hrunamannahrepps og tengdra fyrirtækja árið 2024
- Kynning á helstu framkvæmdum ársins 2025

Kaffi og meðlæti í boði.

Við hlökkum til að sjá ykkur sem allra flest.

Sveitarstjóri

Skák er vinsæl í Flúðaskóla

Íslandsmót barnaskólasveita í skák fór fram í Rimaskóla laugardaginn 29. mars. Góð þátttaka var á mótinu, 36 sveitir mættu til leiks. Það þarf að fara langt aftur í tímann til að finna sama fjölda sveita. Flúðaskóli sendi tvær sveitir á mótið og hafnaði A-sveitin í 9.sæti og fékk bikar og gullverðlaun þar sem skólinn endaði efstur landsbyggðarsveita. Sveitina skipuðu Fannar Kristinsson, Loftur Þorsteinsson, Kacper Jerzy Sójka og Helgi Fannar Oddsson.



Frá vinstri Brynjar, Jakub og Eyvindur.

Rétt er að geta þess að Helgi Fannar hlaut sérstök verðlaun fyrir góðan árangur á sínu borði en hann vann 7 viðureignir af 8.

Fjölmennt Suðurlandsmót í skólaskák fór fram í Laugalandsskóla í Holtum miðvikudaginn 2. apríl síðastliðinn. Alls mættu 74 keppendur til leiks, 28 í flokki 1.-4. bekkjar, 37 í flokki 5.-7. bekkjar og 9 í flokki 8.-10. bekkjar.

Fyrir hönd Flúðaskóla mættu 7 nemendur til leiks í flokki 1-4. bekkjar og 8 í flokki 5.-7. bekkjar.

Í flokki 1.-4. bekkjar átti Flúðaskóli fimm efstu mennina og sigurvegarinn Jakub Dawid vann sér þar með inn keppnisrétt á landsmóti sem fram fer á Ísafirði í maí.

Í flokki 5.-7. bekkjar áttum við nemendur í toppbaráttu en í 4.sæti hafnaði Kacper Jerzy Sójka, Helgi Fannar hafnaði í 6.sæti og Fannar Kristinsson í 9.sæti.

Úrslit Suðurlandsmótsins - 1.-4. bekkur

1. sæti: Jakub Dawid Bucik, Flúðaskóla, með 5.5 vinning
2. sæti: Eyvindur Ari Borgþórsson, Flúðaskóla, með 5 vinninga
3. sæti: Brynjar Logi S. Arndal, Flúðaskóla, með 4.5 vinning

Við óskum öllum sem tóku þátt og stóðu sig svona vel innilega til hamingju með góðan árangur.



Bændamarkaður á Flúðum
Seljum íslenskar gæðavörur
beint frá bónda og
smáframleiðendum



Páskaopnun 2025

Skírdagur	10-17
Föstud. langi	10-17
Laugardagur	10-17
Páskadagur	LOKAÐ
Annar í páskum	10-15



Opið alla aðra daga 10-17
Líka um helgar!

FÁÐU SLYSID BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.



BÓTARÉTTUR

- þú færð þitt



botarettur.is

Læsisstefna, hvað er það?

Læsisstefna Hrunamannahrepps er langtímaáætlun um lestur sem skólar, foreldrar og samfélagið allt á að hafa að leiðarljósi. Tekið er mið af samvinnu heimilis og skóla um markmið og leiðir sem stefnt er að í lestrarnámi barna. Læsisstefnu sveitarfélagsins skrifuðu þær Valdís Magnúsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir skólaárið 2016-2017. Læsisstefnu ásamt ýmsum áætlunum skólanna þarf að endurskoða og yfirfara reglulega. Í tengslum við yfirferð á læsisstefnunni þetta skólaárið barst talið að mikilvægi þess að börn geti lesið sér til ánægju og fróðleiks en einnig um hlutverk skóla og heimila.

Mikilvægt er að leggja grunn að málþroska barna allt frá fæðingu. Sú vinna hefst á heimilunum og í leikskólanum og er meðal annars grunnur að lestrarnámi barna. Við getum öll verið sammála um að við óskum þess að börnunum okkar vegni vel í leik og starfi. Samstarf heimilis og skóla er ein af grunnstoðunum í námi barna okkar og við þurfum öll að láta okkur málið varða. Við búum að miklum mannauði í leikskólanum og grunnskólanum okkar sem er dýrmætt að styðja vel við og leita til ef þarf. Eins er hér sterkt og flott foreldrasamfélag sem er mikilvægt að taka þátt í. Samvinna er lykilatriðið.

Nú er lag að leggja sitt af mörkum í lestrarnámi barnanna í kringum okkur, foreldrar/forráðamenn, ömmur, afar, systkini, frænkur og frændur. Tölum við börnin á móðurmáli þess, hlustum á frásagnir þeirra og spyrjum spurninga, lesum fyrir börnin og unglingana, hlustum á þau lesa, förum í orðaleiki og spilum og tökum þannig virkan þátt í lestrarnámi barnanna okkar.

Læsisstefnu Hrunamannahrepps má finna á heimasíðu Flúðaskóla og leikskólans Undralands. Á samfélagsmiðlum sveitarfélagsins má einnig finna skjal með helstu atriðum læsisstefnunnar.

*Katrín Þorvaldsdóttir,
formaður skólanefndar Hrunamannahrepps, kennari og foreldri.*

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn 26. apríl kl. 14:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagið býður í kaffi og kökur að loknum fundi.

Stjórnin

Reading Strategy of Hrunamannahreppur

The Reading Strategy of Hrunamannahreppur is a long-term plan for reading, meant to guide schools, parents, and the whole community. It focuses on the collaboration between home and school to set goals and methods for children's reading education. This strategy was written by Valdís Magnúsdóttir and Kolbrún Haraldsdóttir in the 2016-2017 school year. It is important to review and update the strategy regularly. This year, there were discussions about the importance of children being able to read for enjoyment and knowledge, as well as the roles of both schools and homes.

Building language skills starts at birth, with support from home and preschool, and is the foundation for learning to read. We all want children to succeed in both play and school. Cooperation between home and school is key to children's learning, and everyone should be involved. We have valuable teachers and resources in our schools, and it's important to support them and seek for their guidance if needed. The parent community is also strong and it is important to participate. Working together is essential.

Now is the time to help with the reading education of children around us—whether we are parents, grandparents, siblings, or relatives. Let's speak with children in their native language, listen to their stories, ask them questions, read to them, listen to them read, play word games, and actively support their reading.

You can find the Reading Strategy of Hrunamannahreppur on the websites of Flúðaskóli and Undraland Preschool. The key points of the strategy are also available on the municipality's social media.

*Katrín Þorvaldsdóttir,
Chair of the School Board of Hrunamannahreppur, teacher, and parent.*

***Pésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni
um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu***

Endilega ekki hika við að hafa samband og kannið möguleikana.
Sendið efni og auglýsingar á pesi@fludir.is





Karlakór Hreppamanna og Sprettskórinn Vor– og sumartónleikar 2025

**Þótt þú langförull legðir sérhvert
land undir fót**

Á efnisskrá karlakórsperlur úr ýmsum áttum

Guðríðarkirkju 8. apríl kl. 20:00

Hveragerðiskirkju 11. apríl kl. 20:00

Félagsheimilinu á Flúðum 16. apríl kl. 20:00

Dómkirkjunni Skálholti 27. júlí kl. 16:00

Verið hjartanlega velkomin